



# Aðalfundur FNS 5. maí 2017

haldinn í Framvegis, Skeifunni 11b.

Fundarstjóri: Raket Steinvör

Mættir: 27 félagsmenn

## 1. Skýrsla stjórnar

Ingibjörg Kristinsdóttir fór yfir skýrslu stjórnar. Byrjaði á að kynna stjórnina og þá einstaklinga sem komið hafa að störfum félagsins í vetur. Lesa má ársskýrsluna á heimasíðu FNS.

## 2. Ársreikningar félagsins

Soffía Valdimarsdóttir gjaldkeri FNS fór yfir ársreikninga félagsins.

## 3. Nefndarstörf

Engin nefndarstörf

## 4. Umræður og afgreiðsla mála

*Tillaga að samþykkt um stofnun norrænnar samstarfsnefndar.*

Margrét Björk Arnardóttir fulltrúi FNS í NFSY lagði fram greinargerð um stofnun norrænu samstarfsnefndarinnar, sagði frá helstu verkefnum nefndarinnar og fyrirhugaðri ráðstefnu IAEVG í Gautaborg 2018.

*Greinargerð*

*NFSY stendur fyrir Nordiska förbundet för studie- och yrkesvägledning og eiga félög náms- og starfsráðgjafa á öllum Norðurlöndum fulltrúa í félaginu. Fulltrúar félaganna mynda stjórn sem hittist tvisvar á ári. Megin markmið NFSY er að styrkja og standa vörð um náms- og starfsráðgjöf á Norðurlöndunum, að koma á tengslum og samstarfi fagfélaga í náms- og starfsráðgjöf og að koma fram fyrir hönd Norðurlandanna í alþjóðlegu samhengi innan IAEVG. Norðurlöndin skiptast á að fara með formennsku í þessum samtökum og í apríl 2016 var ljóst að Ísland væri næst í röðinni.*

*Á stjórnarfundum FNS 2. desember 2016 var ákveðið að skipa nefnd sem myndi halda utan um formennsku Íslands í NFSY frá apríl 2017- apríl 2020. Nefndin hefur fengið vinnuheitið Nefnd um norrænt samstarf*



NFSY. Sendur var tölvupóstur á félagsmenn þar sem nefndin var kynnt og óskað var eftir fólki til starfa. Vel tókst að manna nefndina sem skipar eftirfarandi fulltrúa: Margrét Björk Arnardóttir formaður, Elísabet Pétursdóttir gjaldkeri, Ingibjörg Bragadóttir ritari, Ásthildur Guðlaugsdóttir vefstjóri heimasíðu [NFSY](http://nfsy.org), Dagný Broddadóttir og Ketill Jósefsson. Helstu verkefni nefndarinnar verða að halda utan um aðal- og stjórnarfundir, vera tengiliður NFSY við IAEVG auk annarra verkefna sem tengjast norrænu samstarfi. Nánar má lesa um hlutverk NFSY hér:

<http://nfsy.org/index.php?page=vad-ar-nfsy>

Aðalfundur samþykkti samhljóða stofnun nefndar um norrænt samstarf.

### *Tillaga að samþykkt aðalfundar FNS 2017 um stéttarfélagsaðild.*

Helga Tryggvadóttir útskýrði niðurstöður könnunar sem lögð var fyrir félagsmenn um hvort stofna ætti stéttarfélag náms- og starfsráðgjafa.

#### *Greinargerð*

*Mikil vinna hefur farið fram þar sem skoðuð er stéttarfélagsaðild félagsmanna FNS og hvaða möguleikar eru fyrir hendi hvað það varðar. Niðurstöður könnunar meðal félagsmanna hvað varðar stéttarfélagsaðild leiddu í ljós að skiptar skoðanir eru á málinu og segja má að félagar í FNS séu ekki tilbúnir að ganga úr sínu stéttarfélagi og taka þátt í stofnun nýs félags. Auk þess sem umræður í vinnustofu gáfu til kynna að full ástæða er til að félagið taki góðan tíma í að íhuga næstu skref.*

Fundurinn samþykkti samhljóða svohljóðandi tillögu:

*Aðalfundur FNS 2017 telur það ekki til farsældar að efna til stofnunar stéttarfélags náms- og starfsráðgjafa að svo stöddu og leggur því ekki slíkt til. Fundurinn leggur til að stjórnin vinni áfram að mótun framtíðarsýnar félagsins í samráði við félagsmenn þar sem leitast verði við að efla fagvitund og sýnleika náms- og starfsráðgjafar.*

### *Ályktun aðalfundar FNS 2017 um áframframhald stefnumótunar í náms- og starfsráðgjöf.*

Ingibjörg Kristinsdóttir las upp eftirfarandi ályktun sem fundurinn samþykkti samhljóða:

*Aðalfundur Félags náms- og starfsráðgjafa 2017 hvetur ráðherra mennta- og velferðarmála að taka alvarlega þá vinnu sem þegar hefur farið fram hvað varðar stefnumótun í náms- og starfsráðgjöf og þeirra ráðuneyti hafa tekið þátt í. Í of langan tíma hafa málefni fagsins ekki hlotið þá*



*athygli sem fundurinn telur að þau eigi skilið. Fundurinn ítrekar ályktun frá aðalfundi FNS 2016 og býður enn og aftur fram krafta sína og sérþekkingu félagsmanna í áframhaldandi vinnu við stefnumótun.*

### **Tillaga um hækkun félagsgjalda**

Stjórn FNS leggur til hækkun félagsgjalda úr 4500 krónum í 6000 krónur á ári.

*Greinargerð:*

*Síðasta hækkun var árið 2014 og til þess að geta rekið félagið sómasamlega mælir stjórnin með þessari hækkun.*

Umræður um tillöguna.

Breytingartillögur:

1. Lagt er til að félagsgjöld verði óbreytt. 1 atkvæði. Tillagan er felld.
2. Lagt er til að félagsgjöld verði kr. 5000,- 9 atkvæði með, 7 móti. Tillagan samþykkt.
3. Lagt er til að félagsgjöld verði 5500,- 1 atkvæði með, 1 atkvæði á móti. Tillagan felld.
4. Tillaga stjórnar FNS felld.

Þuríður Ósk Sigurjónsdóttir sagði frá verkefninu Rjúfum hefðirnar og hlutverki FNS í því verkefni (sjá ársskýrslu).

## **5. Kosning stjórnar, fræðslunefndar, kjaranefndar, siðanefndar og fagraða fyrir 2017 til 2018**

### **Stjórn FNS**

Ingibjörg Kristinsdóttir, VMST  
Margrét Björk Arnardóttir, Árskóla  
Helga Tryggvadóttir, Framvegis  
Hildur Katrín Rafnsdóttir, HR  
Svanhildur Svavarsdóttir, FMOS  
Sigríður Sigurðard (Systa) Varmárskóli  
Helga Lind Hjartardóttir, Mímir

### **Fræðslunefnd FNS**

Ragnhildur Ísleifs Ólafsdóttir, VMST  
Sigrún Fjelsted, FÁ  
Lísa María Kristjánsdóttir, HÍ



Berglind Helga Sigurbórsdóttir, VÍ  
Björg Ýr Grétarsdóttir, Hörðuvallaskóli  
Sandra Hlín Guðmundsdóttir, BHS

### **Upplýsinga- og samskiptanefnd**

Hrönn Baldursdóttir, FÁ  
Gríma Guðmundsdóttir, ML  
Fjóla María Lárusdóttir, FA  
Inga Jóna, Tækniskólinn

### **Siðanefnd**

Ingibjörg Kristinsdóttir, VMST f.h. stjórnar FNS  
Ásta Gunnlaug Briem, HÍ  
Jónína Kárdal, HÍ  
Edda Björk Viðarsdóttir, VMST

### **Nefnd um norrænt samstarf NFSY**

Margrét Björk Arnardóttir formaður, Árskóli  
Elísabet Pétursdóttir gjaldkeri, Kópavogsskóli  
Ingibjörg Bragadóttir ritari, Smáraskóli  
Ásthildur Guðlaugsdóttir vefstjór [NFSY](#), Kársnesskóli  
Dagný Broddadóttir, MR  
Ketill Jósefsson, VMST

### **Fagráð**

#### **Grunnskóli**

Hér vantar 2

#### **Framhaldsskóli**

Unnur Símonardóttir  
Svanhildur Svavarsdóttir, FMOS  
Kristín Birna Jónasdóttir, Borgó

#### **Háskóli**

Helga Helgadóttir, HÍ  
Gréta Matthíasdóttir, HR

#### **Atvinnulíf**

María Jónsdóttir, VMST  
Anna Lóa Ólafsdóttir, Virk

### **Kjaranefndir**

Bókun: Stjórninni er falið að endurskoða hlutverk kjaranefnda.

#### **Grunnskóli**

Enginn



**Framhaldsskóli**

Hildur Halla Gylfadóttir, MS

**Háskóli**

Enginn

**Atvinnulíf**

Ingibjörg Ebba Björnsdóttir

Ketill Jósefsson, VMST

**6. Önnur mál**

Ingibjörg Kristinsdóttir bað um orðið og las upp lokaorð ársskýrslunnar.

Fleira ekki gert og fundi slitið. Boðið var upp á léttar veitingar að fundi loknum.

Fundarritari

Margrét Björk Arnardóttir